

Meðferð með Epirubicini

Epirubicin er krabbameinslyf sem er notað til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Lyfinu er sprautað inn í þvagblöðruna. Lyfið er oft gefið í lok aðgerðar.

Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að Epirubicin þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðsluna á ekki að drekka í þrjár klukkustundir fyrir meðferð og biða með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

Staður og tími

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Í einstaka tilviki þarf lengri meðferð. Hver meðferð tekur um 10-15 mínútur.

Framkvæmd

Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er 50 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Mikilvægt er að halda í sér þvagi eins lengi og hægt er eftir lyfjagjöfina, helst í tvær klukkustundir. Við fyrstu þvaglát eftir meðferð er best að sitja á salerninu. Drekkja þarf að minnsta kosti tvo lítra af vökva fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina.

Aukaverkanir

Þvagið getur orðið blóðlitað og einkenni eins og sviði geta komið fram eða tíð þvaglát. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

Hafa skal samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:

Hiti er hærri en 38,5°C eða mikill slappleiki

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURÐLÆKNINGASVIÐ

FEBRÚAR 2016

SKURÐ-1040

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR

ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA

OG DEILDARSTJÓRI 11A

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH